

Mikil gleði á Blómstrandi dögum



Mynd: Dagskráin/SEG

Blómstrandi dagar fóru fram í Hveragerði í 31. sinn um síðustu helgi. Mikið líf og fjör var í bænum frá fimmtudegi til sunnudags enda fagnar Hveragerðisbær 80 ára afmæli í ár.

Fjölbreytt og þétt dagskrá var í boði fyrir gesti á öllum aldri og blíðskaparveður var alla helgina. Þar má meðal annars nefna tívolí fyrir börnin, fjölskylduskemmtun í lystigarðinum, fornþýðingunni, markaði, tónleika og sitthvað fleira. Veittar voru viðurkenningar til eigenda fegurstu garða Hveragerðis 2026.

Laugardagurinn stendur yfirleitt mest upp úr hjá flest-

um hátíðargestum en stóri ísdagurinn í boði Kjörís vekur alltaf sérstaka athygli. Í ár gerði fjöldinn allur af fólki sér ferð til Hveragerðis til að smakka á hinum ýmsu ístegundum. Meðal furðusanna í ár má meðal annars nefna matcha-latte-ís, dökkan bjór-ís, hot honey-ís með pekanhnetum og hinn allra furðulegasti, kæfuís.

Tónlistaratriði ísdagsins voru ekki af verri kantinum en söngkonan Bríet og sunnlenska hljómsveitin Svítabandið sáu um að skemmta gestum. Mikael Kaaber sá um að kynna tónlistaratriðin upp á svið. Íþróttálfurinn lét sjá sig,

börnunum til mikillar skemmtunar.

Um kvöldið var árlega kvöldskemmtunin í Lystigarðinum þar sem fjölskyldur og vinir komu saman og fylgdust með tónlistaratriðunum. Í ár voru það Emmsjé Gauti, Jónas Sig, Unnur Borg og Stefán Hilmars sem stígu á svið. Jónsi mætti að lokum með gítarinn og stýrði brekkusöng áður en flugeldasýningin í boði Hjálpar-sveitar skáta í Hveragerði klár-aði kvöldskemmtunina. Þá héldu gestir niður í íþróttahús þar sem hljómsveitin Bandmenn hélt uppi góðri stemmningu á Blómaballi Hamars.

Dagný Brynjarsdóttir skrifar undir hjá Selfossi

Dagný Brynjarsdóttir er komin „heim“ en hún hefur skrifað undir samning við knattspyrnudeild Selfoss sem gildir út tímabilið.

Dagný spilaði síðast með Selfossi sumarið 2020 en síðan þá hefur hún leikið með West Ham á Englandi. Hún var á tíma fyrirliði liðsins og hún var síðan valin leikmaður tímabilsins hjá liðinu árið 2023.

Dagný hefur verið lykil-leikmaður í íslenska landsliðinu undanfarin ár en hún spilaði síðast með liðinu á EM síðasta sumar. Dagný

eignaðist sitt þriðja barn fyrir á þessu ári.

Hún á að baki 122 landsleiki og í þeim hefur hún gert 38 mörk.

„Við erum virkilega ánægð með að fá Dagnýju til liðs við okkur út tímabilið. Hún hefur æft með okkur og það sést strax hversu mikla hæfileika hún hefur. Hún hefur líka fallið mjög vel inn í hópinn. Hún er að vinna sig smám saman aftur í fullt leikform, þannig að við tökum þetta skref fyrir skref,“ segir Jonathan Glenn, þjálfari Selfoss.



Mynd: UMFS.

Sveinbjörn nýr varaslökkviliðsstjóri í Rangárvallasýslu

Sveinbjörn Már Birgisson hefur verið ráðinn nýr varaslökkviliðsstjóri hjá Brunavörnum Rangárvallasýslu. Alls voru fimm umsækjendur um starfið

en tveir drógu umsókn sína til baka.

Sveinbjörn hefur starfað hjá Brunavörnum Rangárvallasýslu frá árinu 2000 sem slökkvi-

liðsmaður og frá árinu 2018 sem varðstjóri með stjórnendabakvaktir. Hann býr því yfir afar umfangsmikilli reynslu af starfsemi slökkviliðs og

þekkingu á starfsemi brunavarna og viðbragðsþjónustu.

Sveinbjörn mun hefja störf hjá Brunavörnum Rangárvallasýslu á næstu vikum.



Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025



**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.trs.is

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

BEINT FRÁ BÝLI

Beint frá býli dagurinn

Fjölskylduviðburður og matarmarkaður
hjá Eimverki í Bjálmholti

Sunnudaginn 23. ágúst kl. 13-16

Nánar á beintfrabyli.is

Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi

SÚPERLAGNIR

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI

Símon Pípari sími: 664-8892 eða senda verkbeiðni á superlagnir@superlagnir.is

AÐALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Fyrir öruggari morgundag,
komdu í skoðun í dag

HSU og Fjarlækningar hefja samstarf um nýja stafræna lækniþjónustu

Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Fjarlækningar hefja samstarf um nýja leið til að auka aðgengi að lækniþjónustu. Samstarfið er tilrauna- verkefni sem miðar að því að einfalda afgreiðslu algengra og afmarkaðra erinda, stytta biðtíma og skapa meira svigrúm fyrir heilsugæsluna til að sinna flóknari verkefnum.

Skjólstæðingar HSU geta sent inn erindi í gegnum heimasíðu HSU sem beinir þeim í örugga sjúklingagátt Fjarlækninga. Þar geta skjólstæðingar fengið svar frá lækni innan tveggja klukkustunda á opnunartíma, alla daga frá kl. 10:00 til 22:00. Til að byrja með stendur þjónustan eingöngu skjólstæðingum HSU í Vestmannaeyjum til boða. Þess má geta að þjónustan er ætluð einstaklingum 18 ára og eldri.

Í fyrstu verður hægt að leysa úr ýmsum algengum erindum sem krefjast ekki komu á heilsugæslustöð. Spurningalistar þjónustunnar leiða sjúkling í gegnum markvissar spurningar líkt og í hefðbundnu lækni viðtali. Ef svör benda til alvarlegra einkenna er viðkomandi strax vísað í viðeigandi úrræði innan heilbrigðiskerfisins.

Díana Óskarsdóttir forstjóri HSU segir verkefnið mikilvægt skref í áframhaldandi þróun og eflingu heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi, sem er víðfeðmasta umdæmi heilbrigðisstofnanna á Íslandi.

„Eitt af okkar lykilhlutverkum er að tryggja sem jafnast aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu. Fyrir íbúa á Suðurlandi skiptir miklu máli að nýta þær leiðir sem geta fært þjónustuna nær fólki, dregið úr töfum og aukið sveigjanleika í þjónustunni.

Það er því sérstaklega ánægjulegt að hefja þetta verkefni í Vestmannaeyjum. Við bindum vonir við að það reynist verðmætt fyrir skjólstæðinga

okkar þar og veiti okkur mikilvæga innsýn í hvernig við getum áfram þróað og styrkt þjónustu HSU til framtíðar. HSU hefur ávallt lagt áherslu á að skapa starfsfólki svigrúm til nýsköpunar og þróunar og þetta samstarf við Fjarlækningar er gott dæmi um slíka nálgun,“ segir Díana.

Victor Guðmundsson, læknir og framkvæmdastjóri Fjarlækninga hefur undanfarin ár þróað fjarheilbrigðisþjónustu og stafræna lausn fyrir fjarlækningar á Íslandi ásamt teymi sínu þeim Guðbjarti Ólafssyni sérfræðingi í heimilislækningum og Mads Aanesen lækni.

„Markmið okkar er ekki að koma í stað hefðbundinnar heilsugæslu heldur að nýta tæknina þar sem hún hentar best. Þjónustan er ætluð afmörkuðum erindum og hentar því ekki öllum vandamálum, en með því að leysa einföld og afmörkuð erindi á öruggan hátt getum við bætt aðgengi að lækniþjónustu og um leið skapað meira svigrúm fyrir heilsugæsluna til að sinna þeim sem þurfa á umfangsmeiri þjónustu að halda,“ segir Guðbjartur Ólafsson, yfirlæknir Fjarlækninga.

Victor Guðmundsson segir

að hugmyndin hafi kviknað þegar hann starfaði á heilsugæslu.

„Við sáum aftur og aftur sömu tegund af erindum sem í mörgum tilfellum var hægt að leysa án þess að sjúklingur þyrfti að mæta í skoðun. Þá kviknaði hugmyndin að öruggri stafrænni lækniþjónustu sem gæti aukið aðgengi um land allt, sparað tíma og einfaldað þjónustuna fyrir bæði sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólk. Við skoðuðum sambærilegar lausnir erlendis og þróuðum þjónustuna út frá þeirri reynslu með íslenskar þarfir að leiðarljósi.

Það er sérstaklega ánægjulegt að hefja verkefnið hér í Vestmannaeyjum. Ég hef búið hér síðastliðið ár og séð af eigin raun hversu mikilvægt er að bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu, sérstaklega utan höfuðborgarsvæðisins. Við trúum því að stafræn lækniþjónusta geti orðið mikilvæg viðbót við hefðbundna heilsugæslu og styrkt heilbrigðiskerfið, ekki síst á landsbyggðinni. Við erum því mjög spennit fyrir samstarfinu við HSU og hjartans á að þetta verði fyrsta skrefið í að bæta aðgengi að lækniþjónustu um allt land.“

HSU



Davíð Egilsson yfirlæknir í Vestmannaeyjum, Mads Aanesen stofnandi Fjarlækninga, Þórunn Dísa hjúkrunarstjóri í eyjum, Diana Óskarsdóttir forstjóri HSU og Victor Guðmundsson stofnandi Fjarlækninga. Mynd: HSU.

Tvö HSK-met féllu í Brúarhlaupinu

Tvö HSK-met voru slegin í Brúarhlaupinu sem fram fór á Selfossi síðastliðinn laugar- dag. Hólmfríður Magnúsdóttir og Gerður Árnadóttir bættu báðar met í fimm kílómetra götuhlaupi.

Rangæingurinn Hólmfríður Magnúsdóttir, fyrrverandi landsliðskona í knattspyrnu sem nú er búsett á Selfossi, hljóp á 23 mínútum og 55 sekúndum. Hún sigraði þar með sinn aldursflokk, 40–44 ára, og bætti eigið HSK-met um þrjár sekúndur.

Hólmfríður setti fyrra metið í ágúst á síðasta ári þegar hún hljóp vegalengdina á 23 mínútum og 58 sekúndum. Þá bætti hún met Guðrúnar Erlu Gísladóttur frá Selfossi, sem hljóp á

24 mínútum og fimm sekúndum á Akureyri árið 2013.

Gerður Árnadóttir bætti einnig HSK-met í fimm kílómetra götuhlaupi, í flokki 60–64 ára. Hún kom í mark á 28 mínútum og 43 sekúndum og bætti fyrra

metið um rúmar tvær mínútur. Elísabet Valtýsdóttir átti gamla metið, 31 mínútu og sex sekúndur, sem hún setti árið 2012.

Öll úrslit Brúarhlaupsins má nálgast á vef Tímatöku.



140
ára

70
ára

Afmælisveisla

Landsbankans og TM

Í tilefni af tvöföldu stórafmæli Landsbankans og TM er landsmönnum boðið í afmælisveislu **fimmtudaginn 20. ágúst** nk. Hátíðarhöldin fara fram samtímis í útibúum Landsbankans um allt land **kl. 14.**

Kynntu þér afmælisdagskrána
nánar á **landsbankinn.is**



TM

Yfir 300 manns hafa mótmælt lokun hjúkrunarheimilisins Ljósheima á Selfossi

Líðlega þrjú hundruð manns hafa þegar mótmælt lokun hjúkrunarheimilisins Ljósheima á Selfossi með því að rita nafn sitt á undirskriftalistann „Mótmælum lokun hjúkrunarheimilisins Ljósheima á Selfossi“ á vefnum Island.is. Með lokun þess er verið að fórna 20 hjúkrunarrýmum eða um 20% hjúkrunarrýma í sveitarfélaginu Árborg og þá nýlega byggðu hjúkrunarheimili sem tekið var í notkun árið 2008. Húsnæði sem var sérstaklega byggt og hannað sem hjúkrunarheimili og þá með öllum þeim kröfum og þörfum sem fylgja hjúkrun eldri borgara. Þarna eru vistarverurnar einstaklingshvergi þar sem hver vistmaður er ekki aðeins í sínu eigin herbergi heldur hefur líka sína eigin salernisaðstöðu, innsteyptir sleðar eru í loftum fyrir færanlegar lyftur og samkomu- og matsalur eru í miðju rými og í vesturendanum er skemmtilegur garðskáli. Á meðan þetta er að raungerast þá eru margir tugir einstaklinga á biðlista.

Fyrir níu árum var hjúkrunarheimilinu að Kumbrovogi á Stokkseyri (56 rými) lokað og hafist var þá handa við að byggja hjúkrunarheimilið Móberg (60 rými) við Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) á Selfossi. Móberg var síðan tekið í notkun fyrir fjórum árum og var þá fjöldi hjúkrunarrýma í sveitarfélaginu orðinn u.þ.b. sá sami og hann var er Kumbrovogur var starf-



ræktur. Á þessum sama tíma hefur íbúum sveitarfélagsins fjölgað um helming eða úr 8 þúsund í 13 þúsund manns. Í þessu fjölmennasta sveitarfélagi Suðurlands, sem jafnframt er stærsti þjónustukjarni svæðisins, býr um helmingur íbúa Árnæssýslu.

Þegar hjúkrunarheimilið Ljósheimar var byggt fyrir tæpum tuttugu árum var það hugsað sem fjárfesting til lengri tíma og vandað var til verka, enda ekki hugsað sem skammtímalausn. Með lokun Ljósheima er hvorki verið að hugsa um hag eldri borgara né skynsamlega meðhöndlun á skattfé landsmanna. Áætla má að það kosti um hálfan milljarð að breyta hjúkrunarheimilinu Ljósheimum í skrifstofuhúsnæði fyrir heilsugæsluna. Hvers vegna á að byrja á því að fórna um 20% af nýlegum hjúkrunarrýmum sveitarfélagsins og um hálfum milljarði króna af skattfé

almennings þegar hefjast á handa við að byggja á um 5200 m² viðbyggingu við HSU, sem tengist við norðurenda elsta hluta hússins? Er ekki eitthvað að aðferðafræðinni hér? Það á ekki að vera valkostur í þessu væntanlega nýja skipulagi HSU að eyðileggja nýlega byggt hjúkrunarheimili, sem byggt var og hannað sem hjúkrunarheimili til lengri tíma. Þetta er ekki forsvaranleg framkvæmd og þá hvorki gagnvart eldri borgurum þessa sveitarfélags né íbúum Suðurlands. Heilbrigðisráðuneytið þarf að koma upp með aðra lausn þar sem það valtar ekki yfir eldri borgara þessa svæðis með því að loka um 20% af hjúkrunarrýmum sveitarfélagsins með því að loka Ljósheimum og breyta þessu nýlega og sérhönnuðu hjúkrunarrými í skrifstofur sem kosta mun skattborgara um hálfan milljarð króna.

Aldís Sigfúsdóttir



Lið HSK Selfoss 11-14 ára. Mynd: UMFS/Ágústa Tryggvadóttir.

Meistaramót Íslands í Frjálsum Íþróttum 11-14 ára fór fram í Borgarnesi sl. helgi. Lið HSK Selfoss gerði sér lítið fyrir og urðu Íslandsmeistarar,

liðið vann heildarstigakeppnina með 397,5 stigum. Lið Ármanns lenti í 2.sæti með 348 stig og lið Breiðabliks varð í 3.sæti með 265 stig. Stúlkur í 11 ára flokki urðu

jafnfram Íslandsmeistarar sem og stelpur í 12 ára flokki og strákar í 14 ára flokki. Virkilega góður árangur hjá þessu frábæra unga íþróttafólki. UMFS

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Prentun: Prentmet Oddi
ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Parna beinin setjum saman, samleggjandi jafnan er. Ætt að rekja oft er gaman, ýmsa í hári maður sér.

Svar við gátu í blaði 2865: **Ha.**

1. Hektarinn er skammstafaður: **Ha.** - 2. Hlátur er: **Ha -ha- ha**

3. Oft er hváð með því að segja: **„Ha?“** - 3. Undrunarhljóð er oft: **„Ha!“**



Sunnlenski matgæðingurinn



Pasta alla Carlofortina

Matgæðingur vikunnar er Martina Sardu.

Takk kærlega, Sjöfn!

Ég heiti Martina og kem frá Sardiníu á Suður-Ítalíu. Ég hef búið hér á Íslandi í fjögur og hálf ár.

Hér er uppskriftin mín, sem á uppruna sinn í suðvesturhluta Sardiníu, nánar tiltekið frá Carloforte.

Pasta alla Carlofortina – fyrir 4

- 400 g pasta, helst casarecce, trofie, penne eða spaghetti
- 200 g túnfiskur úr dós, sigtaður
- 250 g kirsuberjatómatar, skornir í tvennt
- 120 g basilíkupestó
- 1 lítill laukur, smátt saxaður
- 2 msk. extra virgin ólífuolía
- 1 hvítlauksrif, valfrjálst
- Salt
- Svartur pipar
- 50–75 ml af pastasoðinu
- Rifinn parmesan eða pecorino, valfrjálst

Hitaðu ólífuolíuna á stórri pönnu. Bættu lauknum við og eldaðu við vægan hita í 4–5 mínútur þar til hann er mjúkur. Bættu hvítlauknum við ef þú notar hann og síðan kirsuberjatómötunum. Kryddaðu létt með salti og eldaðu í um 8–10 mínútur, þar til tómatarinn mýkjast og verða að sósu.

Myljið túnfiskinn gróflega og hrærið honum saman við tómatsósuna. Eldaðu í 2–3 mínútur til viðbótar. Ekki elda hann of lengi, annars getur hann orðið þurr.

Í næstu uppskrift ætla ég að tilnefna Macey, vinkonu mína og næstum því mágkonu. Maturinn hennar er guðdómlegur, hún eldar eins og engill og allir ættu að fá að sitja við borðið hennar. Ég er viss um að uppskriftin hennar á eftir að koma ykkur skemmtilega á óvart!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Árni Þór Grétarsson sæmdur gullmerki Umf. Selfoss og HSÍ

17. ágúst sl. fyrir leik Selfoss og Víkings í Ragnarsmóti karla var Árni Þór Grétarsson sæmdur gullmerki Umf. Selfoss af Sverri Einarssyni varaformanni félagsins. Einnig var Árni Þór sæmdur gullmerki HSÍ af formanni HSÍ, Jóni Halldórssyni. Fjöldi fólks lagði leið sína í SET Höllina en eins og allir vita hefur Árni Þór verið einn öflugasti sjálfboðaliði handknattleiksdeildarinnar síðustu ár og er hann vel að þessum viðurkenningum kominn. UMFS



Ný myndlistarnámskeið á Selfossi fyrir fullorðna og ungmenni

ARRA stúdíó, sem er rekið af myndlistarkonunum og hönnuðunum Ragnheiði Ástu Valgeirsdóttur og Amy Alice Riches, er að setja af stað 8 vikna myndlistarnámskeið á Selfossi. Í haust 2026 verða í boði tvö teikninámskeið fyrir fullorðna og ungmenni í „Teikningu I“.

ARRA stúdíó hefur verið að gerjast í nokkur ár með vaxandi samvinnu milli Ragnheiðar og Amy en var stofnað formlega í fyrra. Stúdíóið þjónustar fyrst og fremst fyrirtæki og einstaklinga sem eru að leita að lausnum varðandi teikningu og hönnun, t.d. fyrir auglýsingar, barnabækur eða tölvuleiki.

„Næsta skref hjá okkur hefur verið að bæta við myndlistarnámskeiðum þar sem okkur finnst einstaklega gaman að kenna, ræða list og teikna saman, enda er myndlist eitthvað sem allir geta stundað á hvaða aldri sem er,“ segja Ragnheiður og Amy í samtali við Dagskrána.

Þessi námskeið henta þeim sem hafa alltaf viljað læra að teikna en aldrei gefið sér tíma til þess eða eru að taka sín fyrstu skref í teikningu. Þau sem eru

lengra komin eða vilja rifja upp grunnatriði klassískra teikninga eru einnig velkomin, þar sem við aðlöguðum efnið að getu hvers og eins.

Vilja byggja upp myndlistarsamfélag á Suðurlandi

Ragnheiður og Amy fluttu nýverið á Selfoss. Þær segja að þó að hin almenna vinna hjá stúdíóinu sé ekki föst við neina ákveðna staðsetningu þá fannst þeim mikilvægt að hafa myndlistarnámskeiðin á Selfossi frekar en í Reykjavík. „Selfoss og Suðurlandið eru ört stækkandi samfélag og langaði okkur að tengjast samfélaginu hér sterkari böndum og byggja upp enn sterkara myndlistarsamfélag.“

„Það er sterk myndlistarflóra á Selfossi og Suðurlandi, mikið af frjóu listafólki, flott starf fyrir fullorðna hjá Myndlistarfélagi Árnessýslu, sem við erum í líka, listabrautin hjá FSU, Listasafn Árneseinga og margt fleira. Í gegnum þessa aðila og fleiri hafa oft verið stutt námskeið, fyrirlestrar og skemmtilegir

viðburðir, en okkur hefur fundist vanta lengri námskeið sem spanna fleiri vikur, svoltið eins og myndlistarskólarnir sinna á höfuðborgarsvæðinu, en við viljum geta boðið upp á eitthvað á svæðinu frekar en að fólk þurfi alltaf að sækja þjónustu inn til Reykjavíkur. Við erum einnig báðar mjög klassískt menntaðar í myndlist og leggjum metnað í að kenna góðan teiknigrunn sem er hægt að nýta áfram í allri teikningu, málun og jafnvel abstrakt list,“ segja þær.

Vonast eftir aukinni starfsemi

Markmiðið er að þjálfa góðan grunn í teikningu, skilning á efninu og öryggi til þess að teikna á eigin vegum. Einnig er mikilvægt að finna gleðina og núvitundina sem teikning getur gefið okkur í listinni og daglegu lífi.

Þær segja viðtökurnar hafa verið góðar en að hingað til hafi verið meiri áhugi á fullorðinsnámskeiðinu okkar en meðal ungmenna. Þær hafa einnig fengið fyrirspurnir um yngri aldurshópa sem þær munu taka til skoðunar fyrir vorið.

Er þetta upphafið að meiri starfsemi hjá ARRA stúdíó?

Eru fleiri námskeið eða viðburðir fyrirhuguð síðar? „Það er vonin. Okkar grunnstarfsemi mun alltaf vera í gangi en ef námskeiðshaldið gengur vel í haust þá viljum við bæta í þar. Við erum með ýmsar hugmyndir um fjölbreytt námskeið sem gætu verið jafnframt löng og stutt námskeið, t.d. námskeið í olíumálun, kolateikningu, portrett, magna og myndasögum, plein-air útimálun og svo mætti lengi telja, fyrir enn breiðari aldurshóp. Einnig væri gaman að



geta þjónustað Suðurlandið enn betur og boðið upp á námskeið lengra frá Selfossi, eins og t.d. Hvolsvelli, Flúðum eða Vík,“ segja þær að lokum.

ARRA stúdíó næsta haust:
Teikning I fyrir fullorðna: 9. sep – 28. okt / Miðvikudaga kl 19:00-22:00 / 8 vikur
Teikning I 13–16 ára: 10. sep – 29. okt / Fimmtudaga kl 16:30–18:30 / 8 vikur

Tímasetningar á námskeiðum

Hagafoss ehf - Byggingafélag óskar eftir nýjum liðsmönnum í teymið!

Við leitum að vönum og metnaðarfullum húsasmiðum með góða reynslu úr faginu. Starfið er fjölbreytt og felur í sér ýmis verk efni við nýbyggingar, frágang og viðhald. Fyrir frekari upplýsingar, sendið póst á hagafoss@hagafoss.is



Metin féllu á héraðsmóti í frjálsum

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum var haldið á Selfossvelli dagana 10.-11. ágúst. Þrjú af aðildarfélögum frjálsíþróttaráðs tóku þátt í mótinu. Gestabátttaka var heimil á mótinu og voru um 40 gestir skráðir til leiks frá sex félögum. Mótið var skráð sem Global calendar mót og gildir því árangur sem náðist á mótinu sem lágmark á stórmót.

Einn af gestum mótsins var Hera Christensen úr FH. Hún gerði sér lítið fyrir og bætti eigið Íslandsmet í kringlukasti kvenna. Hún kastaði 57,34, en nokkra vikna met hennar var 56,76 sek. Metið er einnig Íslandsmet í 20-22 ára flokki og að auki nýtt vallarmet á Selfossvelli.

Héraðsmótið er stigakeppni milli aðildarfélaga sambandsins, en aðeins félagar í aðildarfélögum HSK geta safnað stigum og unnið héraðsmeistaratitil. Sel-fyssingar höfðu mikla yfirburði í stigakeppni mótsins og unnu stigabikarinn með 327 stig, Dí-

mon varð í öðru sæti með 80 stig og Þjóandi í þriðja með 9 stig. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæstu keppendur mótsins. Magnea Furuhjelm Magnúsdóttir úr Dímon varð stigahæst í kvennaflokki og Daníel Smári Björnsson Selfossi var stigahæsti karl mótsins.

Samtals voru 18 HSK met sett á mótinu, öll í eldri aldursflokkum. Örn Davíðsson Selfossi bætti eigið HSK met í sleggjukasti í flokki 35-39 ára, kastaði 48,26 metra.

Páll Jökull Pétursson keppandi Umf. Selfoss setti sjö HSK met í flokki 65-69 ára. Hann fjór-bætti eigið HSK met í kúluvarpi með 7,26 kg kúlu, kastaði lengst 7,65 metra. Í sleggjukasti með 7,26 kg leggjú bætti hann eigið met, kastaði 13,66 metra. Þá tví-bætti hann HSK met sitt í spjót-kasti með 800 gr. spjóti, kastaði lengst 26,02 metra.

Árný Heiðarsdóttir Selfossi setti 10 HSK met í fjórum greinum á mótinu í flokki 70-74 ára

kvenna. Öll metin eru jafnframt landsmet í viðkomandi flokki. Árný kastaði kringlunni 19,19 metra og bætti öldungamet Erlu Óskarsdóttur frá 2015, um rúma þrjá metra. Árný setti svo þrjú met í sleggjukasti, kastaði 4 kg sleggjunni lengst 23,40 metra. Kvennaspjótið flaug 17,00 sem er met og hún bætti sig fimm sinnum í kastseriunni í kúluvarpi með 4 kg kúlu, kastaði lengst 7,44 metra.



Daníel Smári Björnsson og Magnea Furuhjelm Magnúsdóttir. Mynd: Aðsend.



Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarviðræður við ESB



DAGSETNING
29. ÁGÚST 2026



KJÖRSTAÐUR
ÞJÓRSÁRVER



KJÖRSTAÐUR OPNNN
9:00 – 20:00

YFIRKJÖRSTJÓRN FLÓAHREPPS

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir- einn dagur í
einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og
Al-Anon fundur strax að
honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedzialek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8- 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1- 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut- 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18- Konur
Fimmtudaga Kl.18-
Sporafundur - Konur

Hægt er að senda inn
fréttatilkynningar
á netfangið dfs@dfs.is



HEILSA

Heilsa

Augnlestur, heilsuráðgjöf,
svæðanudd og dáleiðsla.
Heilsulindinni í Miðgarði.

Einnig fræðsla og ráðgjöf fyrir
fjölskyldur, vinnustaði og litla
hópa í heimahúsum.

Heiðar Ragnarsson
S. 8981501

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þrótafræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddar,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

KIRKJUR

Selfosskirkja

Kvöldmessa verður í
Selfosskirkju sunnudaginn 23.
ágúst kl. 20.
Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar
fyrir altari og flytur íhugun. Ester
Ólafsdóttir leikur á flygilinn og fé-
lagar úr kór Selfosskirkju syngja
ljúfa kvöldsálma.
Verið hjartanlega velkomin.

Strandakirkja

Guðsþjónusta í Strandakirkju kl.
14. Sr. Sigrún Margrétar
Óskarsdóttir þjónar, organisti
Ester Ólafsdóttir. Félagar úr kór
Þorláks- og Hjallasóknar leiða
safnaðarsöng. Velkomin í
Strandakirkju.
Sóknarnefnd og sóknarprestur

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40b
Samkoma á sunnudögum
kl.11:00
English translation available.
Unglingasamkomur á fimmtu-
dögum kl. 20:00
Allir innilega velkomnir.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 sunnudaginn 23.
ágúst, helguð bæninni fyrir heil-
un okkar og lækningu. Sr. Kristín
Þórunn Tómasdóttir sóknarprest-
ur leiðir helgihaldið og sóknar-
nefndarfólk í Skálholtssókn þjón-
ar. Sigurlaug Angantýsdóttir flytur
hugveku um lækningarmátt
bænarinnar og Anna Svava
Sverrisdóttir flytur ritningarlestra.
Hrafnkell Karlsson, nýráðinn org-
anisti í Eyrarbakakirkju og
Stokkseyrarkirkju, er gestaorgan-
isti okkar og leikur á hljóðfærin.
Barnaborðið ávallt á sínum stað.
Kaffisopi og samfélag eftir
messu. Innilega velkomin.

Töðugjöld 2026 tókust með eindæmum vel

Töðugjöld 2026 fóru fram
í Rangárþingi ytra dagana
11.-16. ágúst og óhætt er að
segja að hátíðin hafi tekist með
eindæmum vel. Veðrið lék við
hátíðargesti alla dagana og góð
þátttaka var í fjölbreyttri dag-
skrá víðs vegar um sveitar-
félagið.

Hátíðin hófst með Töðu-
gjaldagöngu Ferðafélags Rang-
æinga og síðar í vikunni bauð
fjölskyldan á Skeiðvöllum gest-
um í heimsókn. Á föstudeginum
fór Töðugjaldahlaupið fram og
um kvöldið var komið að hinu
vinsæla Þorpararólti þar sem

Fjölubleika hverfið tók á móti
gestum.

Laugardagurinn var stærsti
hátíðardagurinn og hófst með
samfélagsmorgunverði í íþrótta-
húsinu á Hellu. Töðugjald-
markaður, tækjasýning, lista-
smíðjur og fjölbreytt barnadag-
skrá settu síðan svip sinn á dag-
inn. Gunni og Felix skemmtu,
Lína Langsokkur mætti á svæði-
ð, boðið var upp á hoppukast-
ala, hæfileikakeppni barna og
gæludýrakeppni og nýr gervi-
grasvöllur var vígður í tengslum
við leik KFR og Álafoss.

Hápunktur laugardagsins var
kvöldvakan sem sneri aftur á
Rangárbakka í ár. Þar skapaðist
einstök stemning í blíðskapar-
veðri og fjölmenni. Gunni og
Felix leiddu kvöldið og fram
komu Herra Hnetusmjör, Bjart-
mar Guðlaugsson og KK. Guð-
rún Árný stýrði brekkusöng og
kvöldvökunni lauk með glæsi-
legri flugeldasýningu Flug-
björgunar sveitarinnar á Hellu.

Að henni lokinni tók við dans-
leikur í Reiðhöllinni með Sunn-
an 6 og Jónsa í Svörtum fótum.

Hátíðinni lauk á sunnudeg-
inum með fjölskyldudagskrá þar
sem meðal annars Leikhúpurinn
Lotta og Youth Art Studio komu
við sögu.

Í skreytingakeppni Töðu-
gjalda var Langalda 20 valið
best skreytta húsið. Glódís og
Eiríkur lögðu mikinn metnað
í skreytingarnar og voru vel
að sigrinum komin. Að verð-
launum hlutu þau veglegt Land-
mann-grill frá Húsasmíðjunni.

Fjöldi einstaklinga, fyrir-
tækja, félagasamtaka og sjálf-
boðaliða kom að undirbúningi
og framkvæmd Töðugjalda og
átti sinn þátt í að skapa þá góðu
stemningu sem einkenndi há-
tíðina í ár. Rangárþing ytra færir
öllum sem lögðu hönd á plóg,
sem og íbúum og gestum há-
tíðarinnar, bestu þakkir fyrir frá-
bær Töðugjöld 2026.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

Allt fyrir
sumarhúsið
og garðinn

Palla og skjólgirðingar

Viðbyggingar og
breytingarnar

Viðhald og endurbætur

Lýsingar og raflagnir

Jens sími: 778-7171
lögildur húsasmíða og
rafvirkja meistari
jgrettisson@gmail.com



RAFVÉLATEKNI
(LÖGILTUR RAFVEITARI)
Vantar þig rafvirkja?
Alhliða rafverkataka
Sérfræðipökkung í stjórnskrifum,
mótastýringum og vélátengdum lausnum
HAFDU SAMBAND
419-8700 | rvt@rvt.is
www.rvt.is



Mynd: Óla mynd.



FERMINGARFRÆÐSLA 2027

Kynningarfundur fyrir fermingarfræðslu og
fermingar árið 2027 í Árborgarprestakalli
verður haldinn í Selfosskirkju miðvikudag-
inn 26. ágúst kl. 17:00.

Krakkar fæddir á árinu 2013 eru, ásamt
foreldrum og öðrum sem vilja kynna sér
fermingarfræðsluna og fermingarstarfið á
komandi vetri, hjartanlega velkomin.

Skráning er hafin og fer fram á heimasíðu
Selfosskirkju (<https://selfosskirkja.is/fermingarstorfin/>)



Systurnar frá Mið-Mörk á verðlaunapall á Evrópumóti Special Olympics

Systurnar Sigríður og Hulda Sigurjónsdætur frá Mið-Mörk í Rangárþingi náðu frábærum árangri á Evrópumóti Special Olympics í bekkpressu sem fram fór í Druskininkai í Litháen 2. ágúst síðastliðinn. Sigríður varð Evrópumeistari í sínum flokki og Hulda vann til silfurverðlauna.

Þátttaka systanna markaði jafnframt tímamót en þær eru fyrstu íslensku keppendurnir með fötlun til að taka þátt á Evrópumóti í þessari grein.

Sigríður tryggði sér gullverðlaunin með því að lyfta 77,5 kílóum og jafnaði þar með eigið Íslandsmet. Hulda hafnaði í öðru sæti eftir að hafa lyft 75 kílóum, sem jafnar hennar besta árangur í bekkpressu til þessa.

Árangur þeirra er stór áfangi fyrir íslenskar kraftlyftingar og starf Special Olympics á Íslandi. Að baki árangrinum liggur mikil vinna, metnaður og dugnaður og með þátttöku sinni ryðja systurnar jafnframt brautina fyrir fleiri íslenska íþróttamenn með fötlun

sem stefna að þátttöku í alþjóðlegum keppnum.

Aðstandendur systranna hafa komið á framfæri þakklæti til allra þeirra sem stutt hafa við bakið á þeim á þessari vegferð. Þá kemur fram að vegna góðs stuðnings og ábyrgðar fjármála-stjórnunar Sigríðar hafi fjármunir úr fyrri söfnun dugað til að standa straum af kostnaði við ferðina til Litháens.

Sveitarfélagið Rangárþing eystra hefur óskað Sigríði og Huldu innilega til hamingju með árangurinn og segir þær sveitarfélaginu til sóma og góðar fyrirmyndir í íslensku íþróttalífi.



Náttúruleg

Útihúsgögn.is

Úti allt árið

Alvöru tréhúsgögn

Handsmíðuð Gæðavara

- Heimili og sumarhús
- Bæjarfélög og opin svæði
- Fyrirtæki og hótél

info@utihusgogn.is

Skoðaðu úrvalið

Garðbekkir

Borðsett 4 - 12 manna

Hringborð

VILTU LÆRA SALSA?

NÝTT NÁMSKEIÐ Á SELFOSSI

Prufutími 28. ágúst
Námskeið frá 4. september
Mættu ein(n) eða með félagi
Skráning: hectorlatindance.com

HECTOR LATIN DANCE ICELAND

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur



Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlnar:

1. Írafossvirkjun; Selfosslína 1 - endurnýjun og lagning jarðstrengs; Tenging við Írafossvirkjun; Aðalskipulagsbreyting - 2601055

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. júlí 2026, að auglýsa breytingu á aðalskipulagi sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að Selfosslína 1 sem liggur frá Ljósafossstöð að Selfossi verður endurnýjuð að hluta. Fyrirhugaðar framkvæmdir fela í sér að Selfosslína 1 verður endurnýjuð að hluta að Írafoss- og Ljósafossstöðvum. Breytingarnar fela í sér lagningu jarðstrengs á um allt að 3 km leið frá Ljósafossstöð að mastri 8 í núverandi loftlínu. Á kafla verður núverandi loftlínuhluti línunnar tekinn niður.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

2. Langholt 2 L166249; Skilgreining svæðis; Deiliskipulag - 2601071

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. júlí 2026, að kynna nýtt deiliskipulag sem tekur til 18,53 ha spildu í landi Langholts 2 L166249, í Flóahreppi. Tilefnið er að landeigandi ætli að skipta sex lóðum frá jörðinni þar sem hægt verði að eiga heimili og njóta þess sem náttúran og umhverfið býður upp á í nálægð við Hvítá og Selfoss.

3. Silfurtún; Skilgreining svæðis; Deiliskipulagsbreyting - 2607012

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. ágúst 2026, að kynna tillögu deiliskipulags sem tekur til Silfurtúns L166897 í Hrunamannahrepp. Í breytingunni felst að byggð verði lágreist íbúðarbyggð á landi Silfurtúns þar sem nú er garðyrkjustöð en sú starfsemi er víkjandi.

4. Sigöldustöð; Breyttir þættir og útfærsla mannvirkja; Deiliskipulagsbreyting - 2606011

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2026, að kynna breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Sigöldustöðvar í Ásahreppi. Gerð er breyting á ýmsum þáttum vegna nákvæmari útfærslu mannvirkja en þær helstu eru að bætt er við texta um frágang svæðis og bætt er við byggingarreitum fyrir skemmu, vatns-tanka og þjónustuhús við vatnsból. Nokkrum aðkomuvegum er hnikað til á uppdrætti, s.s. að stöðvarhúsgrunni. Þá er aðkomuvegi bætt við aðrennslisskurð og hreinsivirki á byggingarreit B1. Fallpípum er bætt á uppdrátt sem og bætt er við vatnsbólum og sýndar lagnir frá þeim að vatnstanki og vatnsverndarsvæði stækkað.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

5. Klausturhólar L177600; Uppskipting námusvæðis í tvo hluta; Deiliskipulag - 2511042

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. júlí 2026, að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Klausturhóla L177600 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Fyrirhugað deiliskipulag nær til hluta námusvæðis Klausturhólar (E17) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Efnistökusvæðið er um 15 ha að stærð, þar er heimiluð malarnáma fyrir allt að 150.000 m³ ásamt efnislosun. Fyrirhugað er að skipta efnistökusvæðinu í tvennt. Deiliskipulagið mun taka til nýtingu svæðisins og frágangi þess til næstu 15 ára en áætlað er að loka svæðinu 2040. Áætlað er að vinna allt að 150.000 m³ af efni úr námunni, samhliða vinnslunni verður unnið að landmótun og frágangi svæðisins. Gerð verður minniháttar breyting á aðalskipulagi þar sem efnistökusvæðinu E17 verður skipt upp í tvennt og verður nýtt svæði skilgreint fyrir norðurhlutann, eða þess hluta svæðis sem nú er innan E17 og innan upprunals Klausturhóla í Grímsnesi (L168258). Innan þess svæðis verður heimiluð efnistaka fyrir allt að 50.000 m³ og verður fyrir utan fyrirhugaða afmörkun á deiliskipulagssvæði. Skilmálar E17 verða því lítt breyttir, umfram það að svæðinu verður skipt upp.

6. Ásgarður L168229; Aðlagð byggingarhlutfall; Deiliskipulagsbreyting - 2606051

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. júlí 2026, að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til deiliskipulags fristundabyggðar í landi Ásgarðs L168229, í Grímsnesi. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall hækkar úr 0,03 í 0,05.

7. Hlaughtunga L229945 við Brúarfoss; Áningarstaður; Deiliskipulag - 2604039

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 5. ágúst 2026, að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Hlaughtunga L229945 í Bláskógabyggð. Um er að ræða skipulag fyrir áningarstað skammt frá Brúarfossi. Skipulagssvæðið er u.þ.b. 826 m² að stærð. Fyrir er á svæðinu malarplan ásamt aðkomuvegi. Landeigendur vinna að uppbyggingu innviða á svæðinu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 2-4. innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 20. ágúst 2026 með athugasemdarfresti til og með 11. september 2026.

Mál 1. og 5-7. innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 20. ágúst 2026 með athugasemdarfresti til og með 2. október 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar Skipulagsgáttin undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tækni- og Væðingarsviðs Uppsveita

Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf

okuland.is



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is



ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.



Bilasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is



DÆLUBÍLAPÞJÓNUSTA
OG STÍFLULOSANIR



510 1180 - 669 8441

Hellismýri 14 800 Selfoss stiflulosun.is



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími



ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUS@GBHUS.IS

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur
ÁBURÐUR



Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

SAGTÆKNI EHF



STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT


sími 567 4262

sagtaekni@sagtaekni.is - www.sagtaekni.is

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



Stíflupjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFJR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is